

Nd.

1151. Breytingartillögur

[397. mál]

við frv. til l. um veitinga- og gististaði.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 1. gr.
 - a. 2. mgr. orðist svo:
Lög þessi taka til sölu á gistingu, sölu veitinga annarra en áfengis og leigu á samkomusölum í atvinnuskyni.
 - b. Við greinina bætist ný mgr. er orðist svo:
Enginn má stunda rekstur skv. 2. mgr. nema hafa til þess leyfi.
2. Við 2. gr. Róð málsgreina breytist svo að 4. mgr. verði 2. mgr., 2. mgr. verði 3. mgr. og 3. mgr. verði 4. mgr.
3. Við 3. gr.
 - a. 1. mgr. orðist svo: Lögreglustjóri veitir leyfi samkvæmt lögum þessum, að fenginni umsögn sveitarstjórnar, eldvaraeftirlits, heilbrigðisnefndar og vinnueftirlits.
 - b. 5. mgr. falli niður.
4. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Taki nýr aðili við rekstri sem leyfi þarf til skv. lögum þessum skal sótt um nýtt leyfi.
Meðan umsókn er til afgreiðslu gildir fyrra leyfi.
5. Við 6. gr. Greinin orðist svo:
Dánarbúi leyfishafa eða erfingjum er heimilt að halda starfsemi áfram í allt að eitt ár eftir andlát leyfishafa án nýs leyfis.
6. Við 11. gr. Fyrri másl. orðist svo: Lögreglustjóri heldur skrá yfir veitt leyfi skv. lögum þessum.
7. Við 14. gr. Fyrri másl. orðist svo: Ráðherra setur með reglugerð nánari reglur um framkvæmd laga þessara eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku þeirra.
8. Við 15. gr. Síðari mgr. falli niður.